



## Félag háskólakennara

### 9. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024 haldinn miðvikudaginn 10. janúar 2024, kl. 11:45, Borgartún 27, Þórmörk

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Haukur Logi Karlsson, Íris Davíðsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir og Arngrímur Vídalín. Ármann Höskuldsson boðaði forföll. Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri, ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 6. desember 2023.
2. Samráðsnefndarfundur 20. desember 2023.  
*i. Heildarútgáfa stofnanasamnings tp. frá BZ 21. desember 2023.*
3. Niðurstaða í 7. greina vinnunni, tp. frá BZ 14. desember 2023.
4. Fundur með rektor, 18. desember 2023.  
*i. Ályktun um talningu á kennslu.*
5. Launakannanir, staða mála.
6. Sáttmálasjóður, viðbrögð stjórnar Fh.
7. Vinnumatssjóðsreglur.
8. Fundur með SNR 2. eða 3. viku febrúar, sbr. tp. frá SNR 28. desember sl.
9. Húsnæðismál 3. hæð, Borgartúni 27.
10. Heimasíða og Facebook, Félags háskólakennara.  
Árshátíð HÍ, 9. febrúar 2024

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 6. desember 2023

Fundargerð var samþykkt, með lítisháttar stafsetningaleiðréttingum.

#### 2. Samráðsnefndarfundur 20. desember 2023.

Baldvin sagði frá fundinum. Þar var m.a. skrifað undir heildarútgáfu nýs stofnanasamnings með breytingum á niðurstöðu 7. gr. nefndarinnar, ákvæði um þóknun vegna vinnu við líffræðilega skaðvalda og bókun vegna Raunvísindastofnunar. Félagið bar einnig upp erindi er barst frá Stúdentaráði vegna skertrar þjónustu HÁMU. Málið rætt.

ÍHG vildi koma því að framfæri að skilgreina þurfi betur „deildarforseta viðkomandi deildar“ vegna ákvæða um líffræðilega skaðvalda. Breyta þyrfti orðalaginu í „yfirmaður“. Þá var einnig rætt um að nauðsynlegt væri að kynna fyrir fyrrum starfsmönnun Raunvísindastofnun ákvæði er varðar niðurfellingu stofnanasamnings félagsins og Raunvísindastofnunar, dags. 12. maí 2020, sbr. bókun 5 í stofnanasamningnum.

#### 3. Niðurstaða 7. gr. vinnunnar.

Baldvin sagði frá og vísaði til tölvupósts frá 14. desember síðastliðinn. Niðurstaðan er eftirfarandi og er afturvirk frá 1. október 2023:

- Starfsaldurstengdar hækkanir fyrir aðjunkta II,
- Lágmarkslaun í flokki L09 fyrir aðjunkta I, lektora og dósenta

- Breytingu á þrepahækkunum fyrir aðjunkta, lektora og dósentna þannig að fyrsta þrep fæst fyrir 20 stig í stað 50.

#### **4. Fundur með rektor 18. desember sl.**

Baldvin sagði frá niðursöðu sameiginlegs fundar Fh og FPR með rektor, vegna stöðu mála um talningu kennslustunda til vinnustunda. Niðurstaðan var að félögin sendi sameiginlega yfirlýsingu á rektor. Í fundargögnum var uppkast að yfirlýsingu félaganna. Málið rætt og stjórn ákvað að skrifa undir hana.

Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR) vill eiga mjög gott samstarf við Félag háskólakennara (Fh) og Félag háskólakennara á Akureyri (FHA) í aðdraganda kjarasamninga í vor. Málið rætt og stjórn Fh sammála um nauðsyn þess að eiga gott samstarf við háskólafélögin þar sem hagsmunir félaganna fara saman í aðdraganda kjarasamninga og í vinnu við kröfugerðir félaganna.

#### **5. Launakannanir**

Jens sagði frá því að úrvinnsla úr kjara- og launakönnunum er sendar voru á félagsfólk í nóvember og desember 2023 er enn í gangi. Áhugi er hjá Fh, FPR og FHA að halda sameiginlegt málþing í febrúar nk., þar sem helstu niðurstöður kannanna verði kynntar.

Óskað hefur verið eftir því að félögin tilnefni fulltrúa í vinnuhóp til undirbúnings málþingsins. Ákveðið var að Jens, Baldvin, Haukur Logi og Íris Hrönn verði fulltrúar Félags háskólakennara í vinnuhópnum.

#### **6. Sáttmálasjóður**

Fyrir fundinn lá tillaga að ályktun Félags háskólakennara vegna Sáttmálasjóðs. Hí hefur í hyggju að leggja niður Sáttmálasjóð og tillaga þess efnis verður lögð fyrir næsta fund háskólaráðs.

Málið rætt og athugasemd gerð um að bæta við setningu um stefnu Háskóla Íslands, H-26, í ályktunina. Orðalag ályktunarinnar var lagað til og hún samþykkt. Formanni var falið að senda hana á rétta aðila.

#### **7. Nýjar reglur vinnumatssjóðs**

Baldvin sagði frá vinnu sem átt hefur sér stað um nokkurn tíma að aðlaga reglur vinnumatssjóðs að því verklagi sem viðhaft er við úthlutun úr sjóðinum. Orðalag nýju reglnanna liggur nú fyrir og verður lagt fyrir næsta fund háskólaráðs.

#### **8. Fundur með samninganefnda ríkisins (SNR)**

Félaginu barst póstur frá fulltrúa í samninganefnd ríkisins um boð um fund í byrjun febrúar 2024. Málið rætt og framkvæmdastjóra falið að svara póstinum þess efnis að fá fund með nefndinni í annari viku febrúar mánaðar.

Baldvin sagði einnig frá fundi dags. 9. febrúar, sem formaður BHM óskaði eftir með formönnum aðildarfélaganna vegna stöðunnar í kjaramálum.

#### **9. Húsnæðismál – 3. hæð Borgartúns 27**

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu mála vegna hugsanlegs leigusamnings 11 aðildarféлага BHM um 3ju hæð í Borgartúni 27. Fyrir liggur drög að teikningu frá arkitektastofu þar sem gerð var tilraun til þess að teikna öll félögin á hæðina. Nokkur óánægja er með teikninguna og ekki ljóst hvort hagsmunir allra félaganna hafi verið gætt né að þeir fari saman. Til stendur að hafa fund með þeim tíu aðildarfélögðum sem leiga nú aðra hæð í Bogartúni 27, þar sem ákvörðun verður tekin um áframhaldandi vinnunnar.

#### **10. Heimasíða og Facebook**

Framkvæmdastjóri sagði frá tillögu að Facebook ásýnd félagsins. Íris Davíðs, bauðst til að vera innan handar í uppsetningu síðunnar. UTS mun setja nýja heimasíðu félagsins í loftið á næstu vikum.

Fleira ekki gert og fundi lauk um kl. 13:15.

Næsti fundur ákveðinn 7. febrúar nk. kl. 14:30.

